Til: hildurv@umhverfisstofnun.is
Afrit: "Eva B. Sólan Hannesdóttir" <eva.hannesdottir@umhverfisstofnun.is>
Efni: Áform um friðlýsingu Dranga í Árneshreppi á Ströndum
Upplýsingar: Sent: 09-07-2019 13:40:35 af Trausti Baldursson, Málsnúmer: 2019060028, Bréfalyklar: 41-2
um friðlýsingar svæða eða náttúrumyndana

---

Tilvísun í mál: 2019060028

Vísað er til bréfs frá Umhverfisstofnun, dags. 21. júní 2019, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um áform um friðlýsingu jarðarinnar Dranga á Ströndum sem óbyggð víðerni og sem landslagsverndarsvæði. Bréf sama efnis, dags. 18. febrúar sl., var sent Náttúrufræðistofnun fyrr á árinu en samkvæmt upplýsingum frá Umhverfisstofnun þurfti að senda bréfið út aftur vegna formgalla.

Náttúrufræðistofnun svaraði erindi Umhverfisstofnunar frá 18. febrúar sl. með bréfi dagsettu 10. apríl sl. þar sem kemur m.a. fram að Náttúrufræðistofnun styður að jörðin Drangar verði friðlýst og vísar m.a. í tillögu stofnunarinnar á B-huta náttúruminjaskrár um friðlýsingu Drangajökulssvæðisins, sjá meðfylgjandi bréf. Hvað varðar svar við framangreindu bréfi sama efnis frá 21. júní sl. þá ber einnig að líta á meðfylgjandi bréf sem svar við því.

Umhverfisstofnun óskað eftir frekari úttekt Náttúrufræðistofnunar á verndargildi jarðarinnar Dranga með tölvupósti 8. júlí sl. Það mál er enn í vinnslu og verður afgreitt síðar.

Áform um friðlýsingu jarðarinnar Dragna á Ströndum.tif

Virðingarfyllst,

Trausti Baldursson
Náttúrufræðistofnun Íslands
Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8
210 Garðabær
Sími/Tele: 590 0500
Email: trausti@ni.is